

# SAMÞYKKTIR

fyrir hlutafélagið

## A/F Rekstraraðili hf.

### NAFN, LÖGHEIMILI OG TILGANGUR FÉLAGSINS

#### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og nafn þess er A/F Rekstraraðili hf.

#### 2. gr.

Heimili félagsins er að Katrínartúni 2, Reykjavík. Varnarþing er í Reykjavík.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint, eftir atvikum í samræmi við gildandi starfsleyfi hverju sinni. Þá er tilgangur félagsins einnig fjárfestingar, lánstarfsemi og öll önnur starfsemi sem nauðsynleg telst fyrir ofangreindan tilgang.

### HLUTAFÉ FÉLAGSINS

#### 4. gr.

Hlutafé félagsins er ISK 32.000.000 (íslenskar krónur þrjátíu og tvær milljónir 00/100).

Hver hlutur er ISK 1 (íslenskar krónur ein 00/100). Hlutir skulu hljóða á nafn. Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut.

#### 5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækku hlutafjár.

#### 6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun yfir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, fundarboð og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

#### 7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn félagsins hefur verið tilkynnt um það skriflega og framsalshafi sannað rétt sinn til hlutanna. Stjórn félagsins skal óheimilt að skrá eigendaskipti að hlutum í hlutaskrá félagsins nema slík eigendaskipti séu í samræmi við ákvæði samþykktu þessara.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir hönd félagsins að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta, skal það ákveðið með mati 2ja (tveggja) óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur 2ja (tveggja) mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en 3 (þrjár) mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Óheimilt er að selja, framselja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

#### **8. gr.**

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína, nema lög leyfi. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

#### **EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

#### **9. gr.**

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á.

#### **HLUTHAFAFUNDIR**

#### **10. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja.

#### **11. gr.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti 1/20 hluta hlutfjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint í fundarboði og fundur boðaður með sannanlegum hætti innan 14 (fjórtán) daga. Ef stjórnin skirrist við að boða til fundar eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda í samræmi við ákvæði laga.

#### **12. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfundur skal boða með minnst 14 (fjórtán) daga fyrirvara, en aukafundi með minnst 7 (sjö) daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða löglegir umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti, skal boða til nýs fundar innan mánaðar með minnst 7 (sjö) daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum, ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem ráði yfir 10% hlutfjár í félaginu hið minnsta.

Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.

#### **13. gr.**

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til þess að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé til félagsþarfa fram yfir skuldbindingar sínar.
- b Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
- c Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
- d Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti milli þeirra.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess, nema þess hafi verið getið í fundarboði.

#### **14. gr.**

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- i Stjórn félagsins skal skýra frá rekstri félags og hag þess á liðnu starfsári.
- ii Ársreikningur, efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram, ásamt athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru, til samþykktar.
- iii Stjórn félagsins skal kjörin.
- iv Endurskoðunarfélag eða endurskoðandi skal kjörinn.
- v Taka skal ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- vi Taka skal ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda eða skoðunarmanna á starfsárinu.
- vii Starfskjarastefna félagsins.
- viii Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru borin upp.

#### **15. gr.**

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

#### **STJÓRN FÉLAGSINS**

#### **16. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 3 (þremur) mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.

#### **17. gr.**

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Einungis stjórn félagsins getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.

#### **18. gr.**

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Framkvæmdastjóri sér og um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### **REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN**

#### **19. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag eða einn eða fleiri löggilta endurskoðendur. Skulu þeir endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

#### **20. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðanda eða skoðunarmenn eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

#### **ÝMIS ÁKVÆÐI**

#### **21. gr.**

Að öðru leyti en kveðið er á um í samþykktum þessum, þá fylgja engin sérréttindi hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

#### **22. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

#### **23. gr.**

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

#### **24. gr.**

Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og öðrum lagaákvæðum þar sem við á.

Þannig samþykkt í Reykjavík þann 20. janúar 2021, og breytt á hluthafafundum þann 9. febrúar 2021, 17. mars 2021, 6. júlí 2021, 31. janúar 2023 og 27. apríl 2023.